

Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) 5. apríl 2017 Þingskjal 288 – 204. mál Umhverfisstofnun

Í ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi frá árinu 2016 er meðal annars fjallað um verkaskiptingu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins. Skorað er á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði breytt í stjórnýslustofnanir og dregið úr eftirlitshlutverki þeirra. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta sinnt eftirlitsverkefnum í nærumhverfi sínu á hagkvæman hátt. Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum. Starfsmenn stofnana sem eru staðsettar og reknar á landsbyggðinni og af sveitarfélögnum eru vel til þess fallnir að sinna verkefnum í nærumhverfi í stað þess að senda fólk landshluta á milli.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands taldi í umsögn sinni um frumvarpið þegar það var fyrst kynnt í febrúar að æskilegt væri að ákvæði um yfirumsjón og samræmingu eftirlits yrði útfært nánar og tiltekið í hverju það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa samræmingar- og yfirumsjónarhlutverk með heilbrigðiseftirliti felist. Fram kemur í umsögninni að heilbrigðiseftirlitssvæðin hafi kallað eftir aukinni samræmingarvinnu af hálfu Umhverfisstofnunar. Í greinargerð með frumvarpinu nú kemur fram að nú sé á vegum ráðuneytis unnið að tillögu um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Stefnt sé að því að leggja frumvarp þess efnis fram á Alþingi haustið 2017. Brýnt er að ekki verði frekar tálgað utan af verkefnum heilbrigðisnefnda á landsbyggðinni með því að ætla Umhverfisstofnun bæði eftirlitshlutverk og útgáfu starfsleyfa. Hugmyndir um að einungis Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi eftir 2018 og tilkynningaskylda verði á mörgum tegundum atvinnurekstrar í stað starfsleyfa er ekki góður kostur. Þá hefur heilbrigðisnefnd ekki hlutverk sem leyfisveitandi og heilbrigðiseftirlit sem eftirlitsaðili, sem ekki gefur út starfsleyfi og hefur ekki valdheimildir sem útgefandi starfsleyfis, getur ekki verið gott verklag né til þess fallið að nýta sem best sérfræðipækkingu í héraði.

Ástæða er til að ítreka umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands og áherslu ályktunar aðalfundar og hvetja til þess að fram komi með skýrum hætti í 5. gr. frumvarps til laga um Umhverfisstofnun, er fjallar um yfirumsjón og samræmingu eftirlits, hvert hlutverk heilbrigðisnefnda á að vera og þeim séu falin aukin verkefni og ábyrgð. Aðeins þannig getur Umhverfisstofnun mætt þeirri kröfu sem greinin gerir um hagkvæmni og einföldun í eftirliti.

Að síðustu er einnig full ástæða til að ítreka ályktun aðalfundar SSA um staðinn verði vörður um og fjölgað verulega opinberum störfum og verkefnum á vegum sveitarfélaganna á Austurlandi. Ein leið til að fjölga opinberum störfum er að koma upp miðstöðvum sem hýsa starfsmenn ýmissa stofnana og fyrirtækja. Þessi áhersla er í fullu samræmi við byggðaáætlun og stefnu stjórnvalda um tilfærslu opinberra starfa.



Þá segir í ályktuninni að fela megi stofnunum sveitarfélaganna að fara með verkefni fyrir hönd ríkisstofnana.

Því miður sér þess ekki stað í þessu frumvarpi um Umhverfisstofnun að stefnt sé að því að starfsemi hennar sé styrkt á landsbyggðunum.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar

